

Janúar 2026



Saman gegn sóun

Aðgerðaáætlun 2026-2028

| Drög að aðgerðaáætlun í umsagnarferli

Inngangur

Hér á eftir fara lýsingar á 24 aðgerðum sem ætlaðar eru til að stuðla að framkvæmd almennrar stefnu um úrgangsforvarnir 2026-2037, *Saman gegn sóun*, fyrstu þrjú árin af gildistíma hennar. Aðgerðirnar byggja m.a. á víðtæku samráði við almenning, fyrirtæki, stofnanir og aðra hagaðila. Aðgerðunum er skipt í fimm hluta sem byggja á niðurstöðum úr samráðsferlinu:

1. Aðgerðir sem felast í fjárhagslegum hvötum	3
2. Aðgerðir tengdar vitundarvakningu og fræðslu.....	5
3. Aðgerðir tengdar regluverki og opinberum innkaupum.....	10
4. Aðgerðir tengdar leiðbeiningum til fyrirtækja	14
5. Aðgerðir sem miða að bættum gögnum	17

1. Aðgerðir sem felast í fjárhagslegum hvötum

Aðgerð 1: Fjárhagslegir hvatar til að efla viðgerðarmenningu

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkur	Textíll, raftæki, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu 4 - Að hringrásarlausnir nái að festa rætur
Ávinningur	Aukin markaðshlutdeild viðgerðarþjónustu
Nánari lýsing	Athugaðar verða mögulegar útfærslur fjárhagslegra hvata sem hafa það að markmiði að hvetja almenning til að nýta sér viðgerðarþjónustu. Til dæmis að kanna möguleikann á að viðgerðarþjónusta verði skráð á svipaðan hátt og almannaheillafélög til afsláttar í skattskýrslu. Aðgerðin nær til viðgerða á skóm, textíl, húsgögnum og raftækjum. Byggt verður á niðurstöðum starfshóps um skatta og skattaívilnanir á sviði umhverfismála frá 2023.

Aðgerð 2: Sérstakar úthlutanir á sviði hringrásarhagkerfis úr Loftslags- og orkusjóði

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Umhverfis- og orkustofnun, fjármála- og efnahagsráðuneytið
Áhersluflokkur	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu

	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu 4 – Að hringrásarlausnir nái að festa rætur
Ávinningur	Efling hringrásarlausna
Nánari lýsing	Veittir verða beinir styrkir til tiltekinna hringrásar- og úrgangsforvarnaverkefna í gegnum Loftslags- og orkusjóð. Settur verður upp styrkveitingarammi fyrir verkefni með sérstökum áherslum, sambærilegt því sem gert hefur verið við veitingu styrkja til nýtingar og leitar á jarðhita og til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum. Það getur m.a. falist í: • Styrkjum til sveitarfélaga til að sporna við matarsóun til lengri tíma, t.d. vegna matarsóunarátaks í skólum og á dvalarheimilum, rekstrar frískápa o.s.frv. • Styrkjum til náms, s.s. starfsnáms eða endurmenntunar, í viðgerðum á raftækjum. • Styrkjum til nýskapandi aðila til að lágmarka umbúðanotkun. • Styrkjum til bókasafna eða annarra opinberra samkomustaða til að auka fjölbreytni í lánsmunum, s.s. með því lána út verkfæri, spil, kökuform, raftæki o.s.frv.

2. Aðgerðir tengdar vitundarvakningu og fræðslu

Aðgerð 3: Skrífað fyrir textílkranann – fræðsluáttak

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Samband íslenskra sveitarfélaga, SORPA bs.
Áhersluflokkar	Textíll
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Minni ofneysla á textíl
Nánari lýsing	Fræðsluáttak um neikvæð áhrif ofneyslu á textíl en jafnframt um farvegi sem notaður fatnaður frá Íslandi endar í. Gæði textíls fara dvínandi og markaðsöfl ýta undir ofneyslu á textílvörum af sífelld lakari gæðum. Endurvinnsla á textíl er óhagkvæm sem stendur og ekki nægjanlega markviss. Textíll er oft samsettur úr mismunandi efniviði og því reynist tæknilega flókið að endurvinna textíl.

Aðgerð 4: Aukið framboð af námsefni um hringrásarhagkerfið og þekkingarmiðlun til kennara

Ábyrgðaraðili	Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu
Samstarfsaðilar	Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Virk fræðsla um hringrásarhagkerfið á öllum skólastigum
Nánari lýsing	Samkvæmt niðurstöðum úr könnun á stöðu matarsóunar- og hringrásarnámsefnis í skólum landsins þarf að auka áherslu á þessi viðfangsefni og að tryggja aðgengi að viðeigandi

námsgögnum innan menntakerfisins. Samhliða því þarf að kveikja áhuga kennara á hringrásarhagkerfinu, efla þekkingu þeirra og vekja athygli þeirra á því námsefni sem til er. Í takt við niðurstöður greininga sem gerðar hafa verið þarf að ráðast í gerð námsefnis fyrir öll skólastig um hringrásarhagkerfið, þ.m.t. matarsóun. Hægt væri að setja fram sérstakan þróunarstyrk til þessa. Þar að auki verður ráðist í átak til að kynna þetta nýja námsefni, auk eldra námsefnis *Saman gegn sóun* fyrir kennurum á öllum skólastigum. Fara þarf fjölbreyttar leiðir, til dæmis með því að halda sérstakan fræðsludag á vegum Umhverfis- og orkustofnunar um hringrásarhagkerfið fyrir kennara. Auk þess þarf að efla rafrænan vettvang með aðgang að stuttum námskeiðum og stuðningsefni fyrir kennara. Sérstök áhersla verður lögð á að efla heimilisfræðikennara og kennara í náttúru- og umhverfisfræðum.

Aðgerð 5: Dreigið úr matarsóun í skólum

Ábyrgðaraðili	Mennta- og barnamálaráðuneytið
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög, Menntaskólinn í Kópavogi
Áhersluflokkar	Matvæli
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Minni matarsóun í skólum og vitundavakning
Nánari lýsing	Matreiðslumenn og matráðar eru í lykilstöðu til að hafa bein áhrif á matarsóun. Aukin fræðsla til þessa hóps eykur vitund um matarsóun og leiðir til að draga úr henni, s.s. með námskeiðum sem væru sérsniðin að þörfum starfsfólks í skólaeldhúsum varðandi starfsvenjur við innkaup og geymslu matvæla, aðferðir til að hámarka nýtingu hráefna og mælingar og skráningu á matarsóun. Jafnframt mætti koma á fót hvatningarkerfi fyrir skólaeldhús sem ná árangri í að minnka matarsóun, auk þess að gera fræðslu aðgengilega og sjáanlega í skólum, t.d. með því að nýta mötuneyti markvisst til að miðla upplýsingum og að setja af stað nemendadrifin verkefni um matarsóun.

Aðgerð 6: Aukin þekking á viðhaldi bygginga með áherslu á úrgangsforvarnir

Ábyrgðaraðili	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Samstarfsaðilar	Iðan, Byggjum grænni framtíð, Grænni byggð, Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Byggingar
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Aukinn líftími bygginga
Nánari lýsing	Ráðist verður í fræðsluáttak til að auka þekkingu verktaka, rekstrarfélaga og annarra skyldra aðila á mikilvægi viðhalds til að auka líftíma bygginga, s.s. með reglulegum námskeiðum um viðhald húsa þar sem áhersla er lögð á viðhald sem lykiláherslu í því að auka líftíma bygginga og þannig draga úr kostnaði til lengri tíma og draga úr skemmdum á húsnæði.

Aðgerð 7: Fræðsluáttak um þýðingarmikil hráefni

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Ávinningur	Aukin þekking á þýðingarmiklum hráefnum
Áhersluflokkar	Þýðingarmikil hráefni, raftæki
Tenging við meginmarkmið	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Nánari lýsing	Farið verði í fræðsluáttak til að auka þekkingu samfélagsins á notkun, verðmætum og yfirvofandi skorti á þýðingarmiklum hráefnum. Fræðsluáttakinu verður beint að almenningi og sveitarfélögum. Sérstaklega verður vakin athygli á því hvernig framleiðsla raftækja og orkuinnviða er háð þessum hráefnum. Mikilvægt er að halda raftækjum í hringrás, auka líftíma þeirra og koma þeim í réttan endurvinnslufarveg að endingartíma liðnum.

Aðgerð 8: Sameiginlegur fræðsluvettvangur í úrgangsforvörnum

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Úrvinnslusjóður, sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, FENÚR
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Aukin samræming í fræðsluefni um úrgangsforvarnir
Nánari lýsing	Stofnaður verður hópur sem hefur það að markmiði að sinna sameiginlegri fræðsluskyldu hins opinbera, og mögulega fleiri aðila, í úrgangsforvörnum og úrgangsmálum. Umhverfis- og orkustofnun hefur leitt samstarfshóp um fræðslu í úrgangsmálum, undir yfirskriftinni <i>Allan hringinn</i> , þar sem aðilar sem starfa í úrgangspjónustu hafa komið saman og sameinast um áhersluatriði við fræðslu.

Aðgerð 9: Kaupum umhverfisvottað - vitundarvakning

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun / Norræna umhverfismerkið Svanurinn
Samstarfsaðilar	Umhverfis- og orkustofnun / Norræna umhverfismerkið Svanurinn
Áhersluflokkar	Textíll, umbúðir, byggingar
Tenging við meginmarkmið	5 - Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi
Ávinningur	Aukin þekking á kostum umhverfismerkra vara

Nánari lýsing

Fræðsluáttak um áreiðanlegar umhverfismerktar vörur, þ.e.s. sem vottaðar eru af Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða Evrópublóminu, en slík merki beita varúðarreglunni þegar kemur að efnainnihaldi. Minna af óæskilegum efnum eru þá í hringrás og neytendur eru síður útsettir fyrir þeim, sem og þeir sem kom að framleiðslu vörunnar.

Aðgerð 10: Hvatning til að nota margnota burðarpoka

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Úrvinnslusjóður, Samtök verslunar og þjónustu
Áhersluflokkar	Umbúðir
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs
Ávinningur	Minni umbúðaúrgangur
Nánari lýsing	Um er að ræða vitundarvakningu þar sem neytendur verða minntir á að nota margnota innkaupapoka, í stað einnota. Átakið verður unnið í samstarfi við verslanir og skoðað hvað kaupmenn geta gert til að ýta undir breytta hegðun. Mikill samdráttur hefur orðið á notkun einnota burðarpoka úr plasti en nauðsynlegt er að halda þeim árangri við og um leið að tryggja að aðrir einnota pokar séu ekki notaðir í staðinn. Pappírspokar hafa til dæmis í mörgum tilfellum stærra kolefnisspor en plastpokar.

3. Aðgerðir tengdar regluverki og opinberum innkaupum

Aðgerð 11: Innleiðing aðgerðaáætlunar *Minni matarsóun*

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Matvæli
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs
Ávinningur	Minni matarsóun
Nánari lýsing	Heildstæð áætlun um markvissar aðgerðir gegn matarsóun kom út í september 2021, undir heitinu <i>Minni matarsóun</i> . Í áætluninni eru 24 aðgerðir, að hluta á ábyrgð íslenskra stjórnvalda og að hluta á ábyrgð atvinnulífsins. Lögð er áhersla á að ljúka þeim aðgerðum sem skilgreindar eru í áætluninni. Þessi aðgerð er einnig hluti af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sbr. aðgerð S.7.A.2.

Aðgerð 12: Samráðsvettvangur um áskoranir netverslunar

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Atvinnuvegaráðuneytið, Umhverfis- og orkustofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Skatturinn, Neytendastofa, Samtök verslunar og þjónustu, Neytendasamtökin
Áhersluflokkar	Textíll, raftæki, umbúðir
Tenging við meginmarkmið	5 - Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi
Ávinningur	Lágmörkun skaðlegra efna
Nánari lýsing	Undanfarin misseri hafa komið fram upplýsingar sem benda til mögulegrar skaðsemi vara úr netverslun utan Evrópska efnahagssvæðisins á neytendur, en vöurnar uppfylla að stórum hluta ekki þær Evrópukröfur sem gerðar eru til efnainnihalds og

öryggis vara sem seldar eru á svæðinu. Aðgerðin felur í sér starfrækslu samráðsvettvangs stjórnvalda, atvinnulífs og samtaka neytenda til þess að fjalla um og taka á þeim áskorunum sem fylgja netverslun frá ríkjum utan EES.

Aðgerð 13: Eftirlit og fræðsla vegna efnainnihalds gefins leikfanga

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Vöruvaktin (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun)
Áhersluflokkar	Raftæki, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	5 - Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi
Ávinningur	Lágmörkun skaðlegra efna í umhverfi barna
Nánari lýsing	Ódýr leikföng og gjafavara eru líkleg til að innihalda óæskileg efni sem börn eru þá útsett fyrir. Eftirlitsverkefni sem einblínir sérstaklega á gjafavörur fyrir börn, s.s. hjá tannlæknum, læknum og íþróttafélögum. Skoðað verður hvort þessar vörur uppfylli lög og reglur um efnainnihald og öryggi. Átakið nær einnig til aukinnar fræðslu til foreldra og innkaupaaðila um ábyrga neyslu. Við fræðsluna verður m.a. lögð áhersla á niðurstöður rannsókna sem sýna að hátt hlutfall ódýrra vara úr netverslunum eru ekki í samræmi við íslenskt regluverk.

Aðgerð 14: Norrænt samstarfsverkefni um sjálfbæra neyslu

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Norræna ráðherranefndin
Áhersluflokkar	Textíll, raftæki, þýðingarmikil hráefni, umbúðir
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu

Ávinningur	Minni ofneysla
Nánari lýsing	Um er að ræða verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem áhersla er á ýmsar aðgerðir til að draga úr ofneyslu og tryggja sjálfbærari neyslu á Norðurlöndunum. Áherslur verkefnisins eru meðal annars að minnka innkaup af óþarfa vörum og vörum sem innihalda skaðleg efni og að styðja við fyrirtæki sem bjóða upp á hringrásarlausnir svo sem þjónustu eða endingargóðar vörur. Markhóparnir eru því neytendur, með sérstaka áherslu á börn, hið opinbera og lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum. Horft verður til fjölbreyttra leiða til að ná til markhópanna.

Aðgerð 15: Notaðir varahlutir sem fyrsti valkostur við viðgerðir á ökutækjum

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, váttryggingafélög
Áhersluflokkar	Þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 3 - Að stuðla nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu 4 - Að hringrásarlausnir nái að festa rætur með aukinni nýsköpun
Ávinningur	Minni óþarfa innkaup
Nánari lýsing	Greint verður hvaða breytingar þurfi að gera á lögum um váttryggingarstarfsemi til að tryggja að váttryggingafélög forgangsraði því að nýta notaða varahluti í stað nýrra við viðgerðir á þeirra vegum. Aðgerðin kallar á samtal og samstarf við váttryggingafélög og bifvélavirkja til að tryggja að kerfið yti undir að notaðir varahlutir verði ávallt fyrsti valkostur við viðgerðir, nema þegar það er ekki mögulegt á grundvelli öryggissjónarmiða. Tryggja þarf aðgengi að leiðbeiningum og tækniupplýsingum til að auðvelda viðgerðir og endurnotkun á varahlutum, án þess að dregið verði úr gæðum eða öryggi.

Aðgerð 16: Úrgangsforvarnir í opinberum innkaupum

Ábyrgðaraðili	Fjársýslan
Samstarfsaðilar	Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs
Ávinningur	Betri nýting fjármuna ríkisins
Nánari lýsing	Opinber innkaup verða nýtt til að efla úrgangsforvarnir. Samstarfsvettvangur Umhverfis- og orkustofnunar og Fjársýslunnar um opinber innkaup verður nýttur til að greina rammameninga og önnur útboð ríkisins með það í huga að finna tækifæri til að innleiða áherslur um úrgangsforvarnir. Þar verður meðal annars horft til þess hvernig hægt væri að draga úr innkaupum (afþakka), en einnig lögð áhersla á umhverfissvottanir, umbúðaleyfi, samnýtingu og leigu. Verkefnið <i>Græn skref</i> verður nýtt til virkrar innleiðingar sem víðast í opinberri stjórnsýslu.

4. Aðgerðir tengdar leiðbeiningum til fyrirtækja

Aðgerð 17: Leiðbeiningar um hönnun húsa með tilliti til úrgangsforvarna

Ábyrgðaraðili	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Samstarfsaðilar	Grænni byggð, Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Byggingar
Tenging við meginmarkmið	1 – Að draga markvisst úr magni úrgangs
Ávinningur	Aukinn líftími bygginga
Nánari lýsing	Unnar verða leiðbeiningar fyrir hönnuði og arkitekta um líftíma bygginga, endurnotkun byggingarefna og hringrásarhagkerfið. Margar ákvarðanir sem teknar eru strax á hönnunarstigi hafa áhrif á það hvernig hægt er að aðlaga byggingu að fjölbreyttari notkun og lengja þannig líftíma byggingarinnar. Einnig þarf að horfa til fjölbreyttari endurnotkunar bygginga og byggingarluta strax á hönnunarstigi. Hægt er að byggja leiðbeiningarnar á fyrri vinnu frá öðrum Norðurlöndum og Evrópuríkjum, auk innlendrar útgáfu.

Aðgerð 18: Stuðningur við fyrirtæki vegna nýlegra EES-reglna um umbúðir, rétt til viðgerða og visthönnun

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Úrvinnslusjóður, atvinnuvegaráðuneytið
Áhersluflokkar	Umbúðir, raftæki, textíll, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	1 - Að draga markvisst úr magni úrgangs 2 - Að stuðla nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu 3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu

	4 - Að hringrásarlausnir nái að festa rætur
Ávinningur	Aukin þekking íslenskra fyrirtækja á nýjum EES-reglum
Nánari lýsing	Unnið verður fræðsluefni og leiðbeiningar og tekið samtal við fyrirtæki um nýlegar EES-reglur um umbúðir, visthönnun (e. Ecodesign), rétt til viðgerða (e. right to repair), grænar fullyrðingar (e. green claims) og umhverfisspor vöru (e. product environmental footprint). Tryggja þarf að fræðsluefni sé til á íslensku og að þekking á hugtökum og regluverki innan iðnaðarins aukist. Áhersla verður lögð á besta mögulega verklag og að draga fram dæmi um góða framkvæmd.

Aðgerð 19: Hringrásarklasinn

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Áhersluflokkar	Matvæli, textíll, raftæki, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	4 - Að hringrásarlausnir nái að festa rætur
Ávinningur	Aukin nýsköpun á sviði hringrásarhagkerfisins
Nánari lýsing	Undanfarin tvö ár hafa verið rekin verkefni hjá Umhverfis- og orkustofnun undir merkjum Hringrásarklasans. Hringrásarklasinn hefur það að markmiði að halda á lofti því sem vel er gert í fyrirtækjum og stuðla að verkefnum og lausnum sem eru í anda hringrásarhagkerfis. Lögð er áhersla á miðlun upplýsinga og samstarf við aðra klasa, nýsköpunarfélög og -sjóði. Áfram verður lögð áhersla á lausnamót og samstarf við nýsköpunargeirann, svo sem með lausnamótum um lífrænan úrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang.

Aðgerð 20: Bláskelin - hringrásarverðlaun

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
---------------	---------------------------

Samstarfsaðilar	Atvinnulífið, Hringrásarklasinn
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	4 - Að hringrásarlausnir nái að festa rætur með aukinni nýsköpun
Ávinningur	Aukin athygli á framúrskarandi lausnir í hringrásarhagkerfinu
Nánari lýsing	Bláskelin var fyrst veitt árið 2019 fyrir framúrskarandi plastlausa lausn. Verkefninu verður haldið áfram og það útvíkkað frá að taka einungis til plastlausra lausna yfir í að verða verðlaun sem ná yfir allar hringrásarlausnir.

5. Aðgerðir sem miða að bættum gögnum

Aðgerð 21: Rannsóknir á endurnotkun og hringrásarhegðun

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkur	Matvæli, raftæki, textill, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Betri gögn um hringrásarhegðun
Nánari lýsing	Rannsóknir til að kanna endurnotkun og hringrásarhegðun á Íslandi verða festar í sessi. Aðferðafræði fyrir mælingar á endurnotkun er nú þegar til staðar, þar sem Umhverfis- og orkustofnun stendur fyrir mælingu á endurnotkun á Íslandi fyrir flokkana húsgögn, raftæki, textíl, byggingarvörur og annað. Mælingin hefur verið framkvæmd einu sinni og skoða þarf reglulega þörf á úrbótum í gagnaöflun og vinnslu. Einnig er mikilvægt að auka almenna þekkingu á hringrásarhegðun. Skoðanakannanir meðal almennings eru grunnur að gögnum um endurnotkun og þörf er á að framkvæma þær helst árlega, eða annað hvert ár. Einnig ætti að birta niðurstöður á mælaborði og miðla eins og við á.

Aðgerð 22: Rannsókn á samsetningu blandaðs heimilisúrgangs

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textill, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Betri gögn um samsetningu úrgangs
Nánari lýsing	Á höfuðborgarsvæðinu hefur SORPA bs. lengi staðið fyrir svokallaðri húsasorpsrannsókn, þar sem könnuð er samsetning úrgangs úr tunnum fyrir blandaðan úrgang. Gagnlegt væri að kanna með sambærilegum hætti samsetningu blandaðs heimilisúrgangs á landinu öllu, eða notast við úrtak sem endurspeglar gæti samsetninguna á landsvísi. Þessi gögn eru

nýtanleg á ýmsan hátt, s.s. til að móta áherslur við fræðslu, áætla umfang matarsóunar, meta magn lífræns úrgangs sem fer til urðunar og stöðu flokkunar á heimilisúrgangi. Slík rannsókn myndi þannig draga fram grunn gögn fyrir sveitarfélög fyrir stefnumótandi ákvarðanir um úrgangsmeðhöndlun.

Aðgerð 23: Rannsóknarverkefni um rusl á víðavangi

Ábyrgðaraðili	Umhverfis- og orkustofnun
Samstarfsaðilar	Úrvinnslusjóður, Endurvinnslan hf., Veitur
Áhersluflokkar	Umbúðir, byggingar
Tenging við meginmarkmið	5 - Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi
Ávinningur	Grunnupplýsingar um aðalorsakir rusls á víðavangi
Nánari lýsing	Til að hægt sé að sporna gegn því að rusl endi í náttúrunni er nauðsynlegt að afla frekari gagna um hvers kyns úrgang um ræðir og hverjar uppsprettur hans eru. Um er að ræða rannsóknarverkefni í tveimur hlutum sem snýst um að 1) Greina aðaluppsprettur rusls á víðavangi (sjó og land) og 2) Leggja mat á niðurstöðurnar, kortleggja og framkvæma viðeigandi ráðstafanir til að minnka magn og mengun sem stafar af þessum úrgangi. Hægt er að horfa til aðferðafræði og efnis sem OSPAR hefur gefið út.

Aðgerð 24: Hringrásarhlutfall Íslands

Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Samstarfsaðilar	Háskóli Íslands
Áhersluflokkar	Matvæli, raftæki, textíll, umbúðir, byggingar, þýðingarmikil hráefni
Tenging við meginmarkmið	3 - Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
Ávinningur	Grundvallarupplýsingar um stöðu hringrásarhagkerfis á Íslandi

Nánari lýsing

Algengt er orðið að vestrænar þjóðir mæli stöðu hringrásarhagkerfis, sem stundum er nefnt hringrásarlutfall. Hringrásarlutfall Íslands hefur verið metið einu sinni en festa þarf í sessi slíka mælingu m.a. til að fylgjast með árangri af stefnu um úrgangsforvarnir og öðrum stefnum tengdum hringrásarhagkerfinu.